

Matsblað Haust 2023

Sproti

Lágmarkskröfur til að umsókn fái fullt mat í fagraði

- Verkefnið er innan starfssviðs sjóðsins
- Verkefnið uppfyllir skilyrði viðkomandi styrktarflokks
- Umsókn stenst formkröfur sjóðsins (sbr. kafla 9 í reglum sjóðsins)
- Eftirfarandi atriði í umsókn eru fullnægjandi:
 - Lýsing á markmiðum og stöðu þekkingar
 - Lýsing á stöðu markaðar og verðmæti afurðar

Lokaeinkunn fagraðs er gefin í bókstöfum:

Einkunn	Skýringar
A (A1, A2 og A3)	Góð umsókn með enga eða litla veikleika
B	Umsókn með umtalsverða veikleika
F	Umsókn sem fellur á lágmarkskröfum Umsókn sem hefur meiriháttar veikleika Umsókn sem fellur á lágmarksþrepi í matsliðum

Vægi matsgilda:

Matsgildi	Hlutfall matsgildis á fyrsta þrepi	Lokahlutfall matsgildis*
Nýnæmi	50%	40%
Áhrif	50%	30%
Framkvæmd	0%	30%

*Hlutföll í mati fagraðs eftir skil á fullbúinni umsókn (eftir innsendingu á öðru þrepi)

Hér að neðan má sjá matsgildi fyrir umsóknir í Sprotu. Áhersla er lögð á að meta nýnæmi og áhrif afurðar og framkvæmd verkefnisins.

Fyrsta þrep matsferlis

1. Nýnæmi

1.1. Nýnæmi – markaður og þarfir (umsókn þarf að ná að lágmarki „Takmarkað markaðslegt nýnæmi“ til að standast mat)

Markaðslegt nýnæmi skortir		Takmarkað markaðslegt nýnæmi		Mikið markaðslegt nýnæmi	
Engin breyting.	Mætir nokkuð vel þekktri þörf á þekktum markaði.	Mætir nýlegri þörf á þekktum markaði.	Mætir nýrri þörf á þekktum markaði.	Mætir þörf á nýlegum markaði sem er í mótun.	Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á heimsvísu, markaður hefur enn ekki myndast.

1.2. Nýnæmi – tækni og ferli

Lítill breyting		Tækniyfifærsla		Tækniuppbygging	
Engin breyting.	Hagnýtir þekkta tækni eða ferla með minniháttar breytingum.	Hagnýtir þekkta tækni eða ferla á nýstárlegan hátt. (tækniyfifærsla)	Leiðir til umbóta á þekktri tækni eða ferlum. (tækniyfifærsla + umbætur)	Leiðir til verulegra umbóta á þekktri tækni eða ferlum og getur verið grunnur að nýjum einkaleyfum. (umbætur+ tækniuppbygging)	Þróar nýja tækni sem er áður óþekkt í heiminum og getur verið grunnur að nýjum einkaleyfum. (tækniuppbygging)

2. Áhrif

2.1. Markaðsmöguleikar - Velta á markaði og/eða verðmæta fyrir innlenda notendur afurðarinnar (umsókn þarf að ná að lágmarki „Nokkur verðmæti“ til að standast mat)

Lítill verðmæti		Nokkur verðmæti		Mikil verðmæti	
Mjög lítillar veltu/verðmæta má vænta af afurð á markaði.	Lítillar veltu/verðmæta má vænta af afurð á markaði. Samkeppni er mikil og afurð bætir litlu við það sem er þegar á markaði.	Nokkurrar veltu/verðmæta má vænta af afurð á markaði. Markaður lítill og/eða mikil samkeppni er á markaði	Talsverðrar veltu/verðmæta má vænta af afurð á markaði. Markaður lítill og/eða veruleg samkeppni er á markaði.	Mikillar veltu/verðmæta má vænta af afurð á markaði. Markaður stór og/eða lítill samkeppni er á markaði.	Mjög mikillar veltu/verðmæta má vænta af afurð á markaði. Markaður stór og/eða lítill eða engin samkeppni er á markaði.

2.2. Út frá lýsingu á verkefni, stöðu markaðar og stöðu þekkingar, hversu líklegt er að verkefnið skili árangri?

Litlar líkur		Nokkrar líkur		Miklar líkur	
Mjög litlar líkur á að verkefnið skili árangri. Forsendur ekki til staðar eða ekki sannfærandi.	Litlar líkur á að verkefnið skili árangri. Forsendum töluvert ábótavant.	Nokkrar líkur á að verkefnið skili árangri. Forsendur að nokkru leyti til staðar.	Talverðar líkur á að verkefnið skili árangri. Forsendur að mestu leyti til staðar.	Góðar líkur á að verkefnið skili árangri. Forsendur til staðar.	Mjög góðar líkur á að verkefnið skili árangri. Forsendur að öllu leyti til staðar.

2.3. Veltumarkmið og forsendur þeirra (umsókn þarf að ná að lágmarki „Nokkrar líkur“ til að standast mat)

Litlar líkur		Nokkrar líkur		Miklar líkur	
Mjög litlar líkur á að verðmæti náist. Óraunhæfar væntingar til verðmætasköpunar.	Líkur á að verðmæti náist eru litlar á grundvelli upplýsinga í umsókn eða forsendum ábótavant.	Líkur á að verðmæti náist eru nokkrar og grundvöllur þeirra nokkuð trúverðugur.	Talsverðar líkur á að verðmæti náist og grundvöllur þeirra að mestu leyti trúverðugur.	Góðar líkur á að verðmæti náist og grundvöllur þeirra trúverðugur.	Líkur á að verðmæti náist mjög góðar. Ítarlegar og trúverðugar forsendur í umsókn.

Seinna þrep matsferlis

2.4. Gildi mögulegra afleiddra tækifæra (spin-off) sem geta skapast út frá verkefninu

Lítið gildi		Nokkurt gildi		Mikið gildi	
Engin breyting.	Lítið gildi umfram það sem kom fram í verðmætamati.	Nokkurt gildi umfram það sem kom fram í verðmætamati.	Talsvert gildi umfram það sem kom fram í verðmætamati.	Mikið gildi umfram það sem kom fram í verðmætamati.	Mjög mikið gildi umfram það sem kom fram í verðmætamati.

2.5. Hversu mikið stuðlar verkefnið að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Lítið		Nokkuð		Mikið	
Verkefnið styður ekki við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.	Verkefnið styður óbeint eða á takmarkaðan hátt við Heimsmarkmið.	Verkefnið fellur vel að Heimsmarkmiðum og er ávinningur nokkur/mikill í nærumhverfi.	Verkefnið fellur vel að Heimsmarkmiðum og er ávinningur nokkur í alþjóðlegu samhengi.	Verkefnið fellur vel að Heimsmarkmiðum og er ávinningur mikill í alþjóðlegu samhengi.	Verkefnið fellur mjög vel að Heimsmarkmiðum og er ávinningur mikill í alþjóðlegu samhengi.

3. Framkvæmd

3.1. Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun (umsókn þarf að ná að lágmarki „Áætlun er frekar raunhæf“ til að standast mat)

Áætlun er óraunhæf		Áætlun er frekar raunhæf		Áætlun er raunhæf	
Mjög litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn skortir.	Litlar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni töluvert ábótavant.	Nokkrar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendum og bolmagni ábótavant.	Talsverðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Forsendur og bolmagn að mestu til staðar.	Góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.	Mjög góðar líkur á að verkefnið klárast í samræmi við áætlun. Allar forsendur og bolmagn til staðar.

3.2. Bolmagn og tengsl til að þróa hagnýtanlega afurð eða tæknilega lausn sem mætir markaðslegri þörf og standi samkeppni eru til staðar, hjá umsækjanda eða gegn um staðfest samstarf við aðra aðila (umsókn þarf að ná að lágmarki „Bolmagn og tengsl að nokkru leyti til staðar“ til að standast mat)

Bolmagn og tengsl að litlu leyti til staðar		Bolmagn og tengsl að nokkru leyti til staðar		Bolmagn og tengsl að öllu eða mestu leyti til staðar	
Mjög litlar líkur á að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn. MJÖG ólíklegt að afurðir mæti markaðslegum þörfum eða standist samkeppni.	Litlar líkur á að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn. Litlar líkur á að afurðir mæti markaðslegum þörfum og standist samkeppni.	Nokkrar líkur á að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn. Nokkrar líkur á að afurðir mæti markaðslegum þörfum og standist samkeppni.	Talsverðar líkur á að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn. Talsverðar líkur á að afurðir mæti markaðslegum þörfum og standist samkeppni.	Góðar líkur á að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn. Góðar líkur á að afurðir mæti markaðslegum þörfum og standist samkeppni.	Mjög góðar líkur á að verkefnið skili hagnýtanlegri afurð eða tæknilegri lausn. MJÖG líklegt að afurðir mæti markaðslegum þörfum og standist samkeppni.